



Minjastofnun
Íslands

FUNDARGERÐ

Fundarefni : 7. fundur Minjaráðs Reykjavíkur og nágrennis. (1. fundur ný skipaðs minjaráðs)

Fundartími: 7. september 2021 kl. 10:00

Fundarstaður: Minjastofnun Íslands, Suðurgötu 39

Fundarmenn:

Guðbrandur Benediktsson, aðalmaður, Finnur Ingimarsson, varamaður, Auður Dagný Kristinsdóttir, aðalmaður, Anna María Bogadóttir, aðalmaður, Jakob Jakobsson, varamaður, Magnús Guðmundsson, aðalmaður, Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir, varamaður, Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, Þór Hjaltalín sviðsstjóri, Agnes Stefánsdóttir sviðsstjóri og Henny Hafsteinsdóttir minjavörður.

Fundarritari: Henny Hafsteinsdóttir

Dreifing: Afrit af fundargerð, upplýsingalisti yfir minjaráðsfulltrúa og skjal um hlutverk og starfsemi minjaráða verða send til minjaráðsfulltrúa.

Tekið var á móti fólki á skrifstofu stofnunarinnar. Allir fulltrúar mættir nema Nikulás Úlfar Másson, varamaður sem tilkynnti að hann gæti ekki mætt á fundi á þriðjudögum vegna afgreiðslufunda embættis byggingarfulltrúa. Tekið verður tillit til þess framvegis. Tveir minjaráðsfulltrúar voru með á fundinum gegnum Teams. Boðið var upp á kaffi og léttar veitingar. Úthlutað upplýsingabæklingum um Minjastofnun, Húsverndarstofu og stefnu Minjastofnunar. Erindisbréf verða send með pósti til minjaráðsfulltrúa eftir fundinn.

Kristín Huld bauð fólk velkomið og kynnti tilurð stofnunarinnar, starfsemi, hlutverk, lög og reglugerðir, samstarf og fjármál. Einnig kynnti hún stefnumótun á vegum stofnunarinnar á sviði menningarminja.

- Umræður: Fjárbörf stofnunarinnar og í hvaða ráðuneyti stofnunin ætti heima. Mikið álag á starfsfólki.

Agnes kynnti einnig starfsemi og hlutverk stofnunarinnar og fór nánar yfir skipurit stofnunarinnar og vinnu við skráningar og uppfærslu á minjavefsja. Einnig kynnti hún úrræði sem sveitarfélög hafa um hverfisvernd.

- Umræður: Áhugi fólks á minjum á sínu heimasvæði er oftast mikill en frekar lítill áhugi þar sem erlendir fjárfestar hafa keypt jarðir á Íslandi. Vöntun á starfsfólki hjá Minjastofnun var aftur rædd en stofnuninni bráðvantar skjalavörð, lögfræðing og starfsmann í tölvumál. Minjastofnun hefur óskað eftir auknu fjármagni og fékk smá innspýtingu fyrir skráningavinnu vegna eldgossins á Reykjanesi. Einnig var rætt um útflutning og innflutning á minjum 100 ára og eldri og um kosti og galla 100 ára reglunnar varðandi friðuð hús. Rætt um friðlýsingar, Þerneyjarsund og skilti á Blikastaðanesi.

Þór úthlutaði skjali um hlutverk og starfsemi minjaráða. Þar sem lítið var eftir af fundartíma var farið hratt yfir helstu atriði og minjaráðsfulltrúar hvattir til að lesa skjalið. Skjalið er í stöðugri vinnslu og minjaráðsfulltrúar beðnir um að horfa á það með gagnrýnum augum svo hægt er að ræða mögulegar breytingar á minjaráðsfundum. Minjaráðið er ráðgjafaráð fyrir minjavörslu og mjög mikilvægt fyrir starfsemi Minjastofnunar. Aðal- og varamenn eru jafn mikilvægir og taka allir fullan þátt í ráðinu en ekki er nauðsynlegt að bæði aðal- og varamaður mæti á minjaráðsfundi. Ef aðalmenn forfallast hafa þeir samband við sinn varamann. Fundargerðir minjaráðsfunda verða framvegis kynntar á sviðsstjórafundum Minjastofnunar svo mál minjaráðanna fái áheyrn og afgreiðslu stjórnenda stofnunarinnar.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 8. desember 2021 kl. 10:00. Staðsetning og dagskrá kynnt síðar. Fundi slitið kl. 12:30